# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Kirkjubóli í Kvígindisfirði, Austur-Barðastrandarsýslu




Óskar Leifur Arnarsson

2016

*Mynd 1: Forsíðumyndin er af bæjarstæði Kirkjubóls. Fyrir miðri mynd er íbúðarhúsið sem byggt var 1944. Handan fjarðarins er Svínanes. (Mót suðvestur. Ljósm. ÓLA).*

© Óskar Leifur Arnarsson, desember 2016
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Kirkjubóli í Kvígindisfirði, Austur-Barðastrandarsýslu
Útgáfustaður: Patreksfjörður
Útgefandi: Óskar Leifur Arnarsson
Netfang: oskarar@gmail.com

Unnið fyrir landeigendur.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 1825

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis:**<br>Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Kirkjubóli í Kvígindisfirði, Austur-Barðastrandarsýslu | **Verknr. / Rannsóknarnr.(Minjastofnun Íslands):**<br><br>1825 |
| **Sveitafélag / (Hreppur):**<br>Reykhólahreppur (Múlahreppur) | **Sýsla:**<br>Austur-Barðastrandarsýsla |
| **Jörð / lögbýli:**<br>Kirkjuból (á Bæjarnesi) | **Landnúmer (Þjóðskrá Íslands):**<br>139611 |
| **Verkkaupi:**<br>- | **Landeigandi, heimilisfang:** |
| **Landmælingar Íslands – Herforingjaráðskort:**<br>23 NV. Gufudalur - Vattarnes | **Hnit:**<br>- |
| **Gripir nr. (Sarpur):** | **Sýni:** |
| **Skýrsluhöfundur:**<br>Óskar Leifur Arnarsson | **Tímabil vettvangsvinnu:**<br>17.-18.6.2015 og 20.8.2016 |
| **Verkefnisstjóri:**<br>Óskar Leifur Arnarsson | **Dagsetning:**<br>16.12.2016 |

☐ **Verkefnið/skipulagið stangast ekki á við menningarminjalög**

X **Verkefnið/skipulagið stangast á við menningarminjalög**

# Efnisyfirlit

1. Inngangur....1
2. Markmið og aðferðir....3
Tilgangur fornleifaskráninga....3
Af hverju fornleifaskráning?....5
Fornleifaskráning og aðferðir....5
Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun....6
3. Sögulegt yfirlit....7
Bænhúsið á Kirkjubóli....10
Brandsstaðir....12
Kirkjubólssel....14
Innrasel....15
4. Fornleifaúttekt á einstökum byggingareitum....17
5. Niðurstöður....23
6. Heimildaskrá....25
7. Kort....27
8. Fornleifaskrá....33

# 1. Inngangur

Undirritaður var fenginn til að vinna fornleifaskráningu fyrir landeigendur vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir sumarhúsabyggð í landi Kirkjubóls á Bæjarnesi (landnúmer: 139611) í sveitafélaginu Reykhólahreppi. Til stendur að skipuleggja 23 frístundahúsalóðir, en auk þess er merkt inn lóð umhverfis íbúðarhúsið sem byggt var 1944. Vettvangsvinna vegna fornleifaskráningar fór fram 17.-18. júní 2015 og svo aftur 20. ágúst 2016. Land jarðarinnar er á Kirkjubólshlíðinni, nánar tiltekið austanmegin í Kvígindisfirði og fornleifaskráningin náði til láglendis jarðarinnar. Landamerki jarðarinnar að norðanverðu móti jörðinni Kvígindisfirði eru í Innra-Partgili og Parthjallaskriðu. Að sunnanverðu eru merking móti Bæ um Merkjakeldu niður í botn Engisvogs. Skráningarsvæðið liggur beggja vegna við Bæjarnesveg. Stærð svæðisins sem var fornleifaskráð er um 8 km langt og um 1,8 $km^2$. Samanlögð stærð allra 23 frístundahúsalóðanna sem verið er að deiliskipuleggja er um 24.000 $m^2$.

Pétur H. Jónsson skipulagsfræðingur og arkitekt sér um deiliskuplagsvinnuna.

Nú þegar standa nokkrar eldri bygginga á heimatúni jarðarinnar. Undanfarin 2-3 ár hafa svo staðið yfir framkvæmdir í miðjum bæjarhól jarðarinnar án aðkomu fornleifafræðinga. Þar er verið að endurbyggja hluta gamla bæjarins og breyta sambyggðu fjósi í sumarhús. Ljóst er að þar hafa minjar farið forgörðum. Auk þess er búið að byggja á þrem sumarhúsalóðum á jörðinni. Eitt stendur inn í miðjum Nátthaga og hefur hleðslum verið raskað aðeins vegna þeirra framkvæmda, en að mestu ramma hleðslurnar inn lóðina.

Vettvangsathugun og skýrsluskrif vegna fornleifaskráningarinnar annaðist Óskar Leifur Arnarsson fornleifafræðingur. Skýrsluhöfundur vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt. Sérstakar þakkir fá Björgvin Bæringsson og kona hans Guðrún Halldóra Guðmundsdóttir fyrir gestrisni sína og leiðsögn um svæðið á meðan á vettvangsathugun stóð.

Umrædd fornleifaskráning takmarkast við ofangreint skipulagssvæði (sjá nánari mörk á korti í kafla 7). Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á jörðinni að ræða og fleiri fornleifar geta komið í ljós við framkvæmdir.

## 2. Markmið og aðferðir

### *Tilgangur fornleifaskráninga*

*Lög um menningarminjar nr. 80/2012* eiga að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr., IV. kafla segir: *„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. ... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“*

Í 2. gr., I. kafla laganna eru þjóðminjar skilgreindar sem: *„Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.“* Í sömu grein eru þjóðarverðmæti skilgreind sem: *„hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.“*

Í 3. gr., I. kafla laganna eru fornminjar skilgreindar sem: *„annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“*

*„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:*

*a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,*

*b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,*

*c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,*

*d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og*

*siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,*

e. *virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,*
f. *þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,*
g. *áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,*
h. *haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,*
i. *skipsflök eða hlutar þeirra.*

*Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“*

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: *„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

*Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.“*

Í 22. grein segir: *„Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“*

Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti og minnst fjögra vikna fyrirvara ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins er hverjum þeim sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skylt að láta sömu stofnun vita án tafar (sjá 23. gr., VI. Kafla).

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Þá skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands ef óþekktar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði. Skriflegt leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hefja framkvæmdir að nýju á fundarstað fornminja (sjá 24. gr., VI. kafla).

### *Af hverju fornleifaskráning?*

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum við skipulagsvinnu og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa og aukins kostnaðar á viðkomandi verki.

En það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Ástæður eins og fræðilegar, menningarlegar, siðferðislegar og sögulegar geta þar einnig komið til. Saga og minjar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga. Yngri rústir eru mikilvægar til að varpa ljósi á eldri minjar og búsetusögu svæðis. Til að yfirvöld sem fara með minjavörslu geti sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar, verða þau að hafa yfirsýn yfir hvaða minjar eru til og staðsetningu þeirra.

Fornleifarnar geyma upplýsingar sem hvergi annars staðar er að finna. Þessar upplýsingar eru ekki geymdar í handritunum eða safngripum. Upplýsingar um líf og störf genginna kynslóða og sögu persónanna sem landið byggðu. Einnig gefa fornleifarnar innsýn inn í daglegt amstur og lífsafkomu íbúanna. „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér“[1]

### *Fornleifaskráning og aðferðir*

Við fornleifaskráninguna er farið eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2013 með síðari tíma viðbótum og breytingum.

Við undirbúning og úrvinnslu voru fyrirliggjandi heimildir athugaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Þá var einnig rætt við heimildarmenn. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja. Gengið var skipulega um svæðið. Hver minjastaður var hnitsettur (ÍSN93), honum lýst, ljósmyndaður og teiknaður þegar við átti.
Þá var einnig notast við hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf. til staðsetningar á fornleifum og farið var yfir eldri kort og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Kortin eru unnin í QuantumGIS.

1 Bjarni F. Einarsson (2007): 7

Fornleifar sem eru skráðar fá hver sitt númer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Númerið byggir á verknúmeri verkefnisins sem fæst við stofnun þess í kortavefsjá Minjastofnunar Íslands og hlaupandi númeri innan verkefnisins (d. Verknúmer 1825, Innrasel 1825-1). Metið er hvort fornleifar á sama svæði tilheyra ákveðinni minjaheild út frá stöðlum Minjastofnunar Íslands.[2]

Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða og óþekktar fornleifar geta óvænt komið í ljós.

### ***Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun***

Árið 1992 sendi Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro frá sér ályktun. Ályktunin *Dagskrá 21* eða *Framkvæmdaáætlun 21* (*e. Agenda 21*) miðar að því að hvetja þjóðir heims til vitundarvakningar um sjálfbæra þróun.

Staðardagskrá 21 miðar að því að allar sveitastjórnir heimsins geri með sér áætlun um sjálfbæra þróun samfélagsins og þau verk sem vinna þarf til að ná þeim markmiðum. Sjálfbær þróun samfélags tekur mið af félagslegum, hagrænum, menningarlegum og vistfærðilegum þörfum núlifandi íbúa og komandi kynslóða. Reykhólahreppur er aðili að Staðardagskrá 21.[3] Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um fornleifar, menningarminjar eða menningarlandslag í drögum sveitafélagsins að Staðardagskrá 21 og ekki er búið að ganga frá og gefa þau út.

Grundvöllur sjálfbærrar þróunar fornleifa er fólginn í ítarlegri fornleifaskráningu. Til að geta unnið að skipulagsgerð og tekið ákvarðanir um örlög þeirra minja sem finnast á tilteknu svæði, er nauðsynlegt að þekkja hvað finnst. Með skráningu fornleifa fæst vitneskja um hvort að stök rúst eða minjasvæði sé einstakt fyrir svæðið, hvort um sé að ræða fornleifar sem eru dæmigerðar og góður fulltrúi fyrir svæðið eða hvort um sé að ræða minjar sem á sér margar líkar. Þetta verður allt að liggja fyrir áður en ákvörðun um framhaldið er tekin, hvort minjar eigi að vernda sérstaklega eða fórna og þessi viteskja fæst einungis með fornleifaskráningu.[4]

2 Minjastofnun Íslands (2013) og Oddgeir Isaksen (2016).
3 Gísli Gíslason o.fl. (2008): 14-15
4 Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008): 9

# 3. Sögulegt yfirlit

Fornleifaskráning þessi nær til láglendis jarðarinnar Kirkjubóls, en heimildir um minjastaði á fjallendi voru skráðar niður og fylgja með í fornleifaskránni aftast í skýrslunni. Ekki er um sagnfræðileg úttekt á jörðunum að ræða. Verða hér því stuttlega raktar helstu heimildir um jörðina, en meiri áhersla lögð á sögu minja og atburða sem tengjast deiliskipulagsreitnum beint.

Í grein sinni *Bæjarnöfn í Barðastrandarsýslu*, skýrir Ólafur Lárusson að nafn jarðarinnar sé tilkomið vegna þess að þar hefur staðið kirkja.[5] Áður hafði Ólafur skrifað sér grein um bæjarheitið Kirkjuból sem birtist bæði í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* og svo í greinasafni hans *Byggð og sögu*. Þar segir hann að bæjarheitið hafi tvennskonar uppruna, annars vegar eigi það við um jarðir sem hafi verið í eigu kirkju og hins vegar jarðir þar sem kirkja hafi staðið. Það seinna segir hann að eigi við um Kirkjuból á Bæjarnesi.[6] Heiti jarðarinnar hefur haldist frá því hennar er fyrst getið, en rithåttur þess er mismunandi í eldri heimildum.

Um landnám svæðisins eru þrjár gerðir *Landnámabókar. Sturlubók* og *Melabók* eru nærri samhljóma, nema að í *Melabók* er það tekið fram að Kolli hafi fært byggð sína þegar hann kvongaðist. Í *Sturlubók* segir: „Kolli Hróaldsson nam Kollafjǫrð ok Kvígandanes ok Kvígandafjǫrð; hann seldi ýmsum mǫnnum landnám sitt.“[7]

Í *Hauksbók* hefur þessi viðbót Melabókar orðið til þess að Kolla Hróaldssyni er ruglað saman við Dala-Koll, en þar segir: „Hof-Kolli Hróaldsson nam Kollafjǫrð ok Kvígandisfjǫrð ok seldi seldi ýmsum mǫnnum landnám sitt, en hann fór í Laxárdal á Hǫskuldsstaði; hann var kallaðr Dala-Kollr. ...“[8]

Í bókinni *Landið og landnáma* er bent á að ekki sé ljóst hvar mörk landnáms Kolla voru í Kollafirði og Kvígindisfirði en líklegt er að hann hafi numið langt út með Kollafirði að austanverðu og eins að landnámið hafi náð út með vestanverðum Kvígindisfirði út að Svínanesi. Þessi mörk skarast ekki á við mörk næstu landnámsmanna.[9]

Ekki er ljóst hvenær byggð hófst á Kirkjubóli eða hvar. Finnbogi Jónsson segir í grein í *Árbók*

5 Ólafur Lárusson (1953): 17-18
6 Ólafur Lárusson (1939): 22, 28-30 & (1944): 297, 307-8
7 Íslendingabók Landnámabók (1968): 168-9
8 Íslendingabók Landnámabók (1968): 169
9 Landið og landnáma, I.bindi (1982): 205-6

*Barðastrandarsýslu* að getgátur séu uppi um að byggð hafi hafist á Brandsstöðum, en þeir svo lagst í eyði þegar Kirkjuból byggðist. Hann bendir þó á að engar heimildir finnist um Brandsstaði og ekki verði úr þessu skorið nema með fornleifarannsókn.[10] Ef að getgáturnar standast, gætu ástæður fyrir flutningi bæjarstæðisins verið meðal annars vegna aukinnar þekkingar á landgæðum jarðarinnar eða þá hluti af trúarskiptunum. Fornleifarannsóknir víða um landið gefa vísbendingar um að á nokkrum stöðum hafi landnámsbæjarstæði verið í byggð í skamman tíma en svo hafi bæjarstæði verið flutt á nýjan stað þar sem þau eru jafnvel enn í dag. Um þetta verður þó ekkert sagt og erfitt að komast að nema ef fornleifarannsókn gæti gefið einhverjar vísbendingar. Hins vegar verður að benda á það út frá grein Ólafs Lárussonar að Kirkjubólsnafnið hlýtur að koma til eftir að kristni komst á og eftir að bænhús eða kirkja hafði verið reist þar. Hvenær það var er ekki vitað og hvort jörðin hafi heitið eitthvað annað áður verður erfitt að skera úr um.

Elsta heimildin sem fannst um jörðin Kirkjuból er að hún er talin upp með þeim jörðum sem greiða tíund til Gufudalskirkju í máldaga kirkjunnar sem líklega er frá 1238.[11] Þá er jarðarinnar getið í tveim máldögum bænhússins sem stóð á jörðinni í máldögum Stefáns biskups Jónssonar frá 1491-1518. Efst í báðum máldögunum stendur þó „gamall máldagi“ og spurning vaknar því hvort máldagarnir séu eldri en frá tíð Stefáns.[12]
Þar sem Kirkjubólin eru tvö í Múlahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu og fleiri á landsvísu gæti eitthvað af eldri heimildum um jörðina hafa ruglast. Þegar *fornbréfasafnið* var tekið saman og gefið út í bókum hafa menn til dæmis ekki alltaf verið vissir. Skýrsluhöfundur vill meina að Kirkjuból það sem talað er um í gjafabréfi Lopts Guttormssonar, dagsett 20. apríl 1430 sé Kirkjuból á Litlanesi (Kirkjuból vestra) og má rökstyðja með því að bæjarröðin er rétt ef jarðirnar í Múla- og Gufudalshreppi eru taldar upp til suðurs.[13] Kirkjubóls í Múlakirkjusókn er getið í „Skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum þegar þær voru teknar undir konung“ árið 1446.[14]
Kirkjuból á Bæjarnesi tilheyrði Gufudalskirkjusókn og ekki eru heimildir um að býlið hafi tilheyrt Múlakirkjusókn. Jarðardýrleikinn (12 hdr.) bendir einnig til að í eignaskrá Guðmundar ríka sé átt við Kirkjuból á Litlanesi.

10 Finnbogi Jónsson (2006): 31-32
11 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1857-1876), 1. bindi: 519-22
12 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1857-1876), 7. bindi: 78
13 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1897), 4. bindi: 404-5
14 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1897), 4. bindi: 691

Til er þjóðsaga sem á að hafa gerst á 18. öld og heitir *Meystelpan á Kirkjubóli*. Í sögunni segir frá ungri stúlku sem á að hafa séð bláklædda konu (álfkonu?) sem á að hafa sagt henni að fylgja sér upp á fjall og var stúlkan byrjuð að klifra upp Svartagil sem er upp af bænum þegar húsfreyjan sá hana og náði að kalla hana til baka.[15] Engar fornleifar tengjast þessari þjóðsögu.

Í doktorsritgerð Björns Lárussonar er mat jarðarinnar skráð 24 hdr. í lok 17. aldar og þá var jörðin í einkaeigu.[16] Jarðardýrleikinn er metinn sá sami í *Jarðabók* Árna og Páls árið 1710. Á þeim tíma var nægur skógur til kolagerðar og eldiviðar.[17] Á það má benda að engin merki um kolagerð fundust við fornleifaskráninguna sem þessi skýrsla nær til, en ljóst er að slíkar minjar ættu að leynast á svæðinu. Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er jörðin skráð í bændaeign og dýrleikinn metin 24 hdr.[18] Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* er fornt jarðamat Kirkjubóls sagt vera 24 hdr. En nýtt jarðamat jarðarinnar var metið 23.3 hdr.[19]

Í fasteignamati frá 1918 er dýrleiki jarðarinnar 23,4 hdr. Fasteignamat þetta getur verið gott að hafa í huga þegar túnakortið frá 1920 er skoðað, þar sem að í matinu eru talin upp hús, mannvirki og fleira frá svipuðum tíma. Þar segir að sléttuð tún séu 1/3 hektari, gaddavírsgirðingar séu 540 metrar, auk eldri girðinga og matjurtagarðar 380 m². Hús jarðeiganda á þessum tíma voru: baðstofa (6,2 x 3,2 x 2,5 = 50 m²); búr, eldhús og bæjardyr (alls 63 m²); hlaða (56 m²) og loks fjárhús og fjós af óþekktum stærðum. Hús leiguliða voru: þrjár hlöður (alls 108 m²); fjárhús yfir 160 fjár og hesthús yfir 4 hross.[20]

Á fyrri hluta 20. aldar voru byggingar bættar og endurbyggðar og ný hús reist.[21] Jörðin fór í eyði 1963.[22]

Hér að neðan verður fjallað nánar um minjastaði innan deiliskipulagsreitsins og sögu þeirra.

15 Jón Árnason (1862): 46
16 Björn Lárusson (1967): 192
17 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1938): 253
18 J.Johnsen (1847): 178
19 Ný jarðabók fyrir Ísland (1861): 72
20 Fasteignamat 1918 (óútgefið).
21 Finnbogi Jónsson (2014): 464
22 Jón Kr. Guðmundsson (á.á.): 96-98. Finnbogi Jónsson (2014): 464



*Mynd 2: Gamli bærinn á Kirkjubóli var byggður 1879 og endurbyggður árið 1924. Myndin er tekin um 1935. Frá vinstri er fjós og tvö önnur útihús; bærinn er með risi og skorstein og hægra megin við hann er viðbygging sem gengdi hlutverki eldiviðargeymslu og búrs. (Ljósm. í eigu landeigenda.)*

### ***Bænhúsið á Kirkjubóli***

*(fornleifar nr. 1825-40 og 41)*

Elstu heimildir um bænhús á Kirkjubóli má finna í tveim máldögum sem finna má í *Íslensku fornbréfasafni*. Þessir máldagar eru í máldögum Stefáns biskups Jónssonar frá 1491-1518. Efst í báðum máldögunum stendur „gamall máldagi" og spurning vaknar því hvort máldagarnir séu eldri en frá tíð Stefáns. Samkvæmt þeim mátti gefa saman hjón, skýra börn og leiða konur í kirkju. Í öðrum máldaganum er þess sérstaklega getið að þessi réttindi fái bænhúsið vegna þess hversu langt bærinn er frá sóknarkirkjunni í Gufudal og þeirra óvega og háska sem fjarlægðinni fylgi.[23] Ekki er getið um greftrun þar, en líklega hefur af sömu ástæðu mátt jarðsetja látna við bænhúsið.

Í *Jarðabók* Árna og Páls er þess getið að „Bænhús eður hálfkirkja er hjer, og tíðir veittar þá heimamenn eru til sacramentis."[24] Árið 1840 ritaði sr. Þorsteinn Þórðarson prestur í Gufudal lýsingu vestari hluta Gufudalssóknar. Lýsing hans á Kirkjubóli er almenn út frá landslagi og bæjaröð. Ekki telur hann fram neinar fornleifar í upptalningunni, en getur þess að jörðin sé metin á 24 hdr. og þar sé skógur til kolagerðar. Ekki minnist hann á bænhús eða hálfkirkju á jörðinni.[25] Má því leiða líkum

23 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1857-1876), 7. bindi: 78
24 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1938): 253
25 Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandarsýsla. (1952): 80-82

að því að hún hafi fyrir manna minnum verið aflögð. Í grein Finnboga Jónssonar, *Kirkjan að Múla á Skálmarnesi*, er sagt að sagnir séu fyrir því að bænhúsið á Svínanesi hafi verið aflagt með konungsbréfi árið 1765.[26] Hugsanlega hefur bænhúsið á Kirkjubóli verið aflagt á svipuðum tíma, en ekki fundist frekari heimildir um það.




*Mynd 3: Bænhúsið og garðurinn umhverfis (nr. 1825-40 og 41) eru í norðurhluta Bæjarhóls, milli gamla bæjarins og íbúðarhússins sem stendur á norðurhluta Langhóls. (Loftmyndir ehf og ÓLA).*

Árið 2008 skráði Stefán Ólafsson, fornleifafræðingur, kirkjur og bænhús í Austur-Barðastrandarsýslu. Fyrir skráninguna á Kirkjubóli á Bæjarnesi hefur hann fengið upplýsingar frá Finnboga Jónssyni. Stefán hefur ekki haft vitneskju um að nýtt íbúðarhús var reist á norðvestur hluta Langhóls árið 1944. Þar af leiðandi er staðsetning Bæjarhólsins röng í skráningu Stefáns. Lýsing á staðsetningu bænhússins á Kirkjubóli í skýrslu Stefáns er rétt höfð frá Finnboga. En hins vegar hafa þau mistök orðið í skýrslunni að GPS hnit bænhússins á Kirkjubóli er staðsetning kirkjunnar á Skálmarnesmúla. Þegar Stefán var við vettvangsathugun á Kirkjubóli, var ekki búið að slá og því erfitt að greina ummerki um bænhúsið og kirkjugarðinn umhverfis það.[27]

Í byggðasöguriti því sem Finnbogi Jónsson ritstýrði, kemur fram að enn sjáist smávegis móta fyrir kirkjugarðinum í túninu. Hann segir einnig að sagnir séu um að þar hafi verið munkaklaustur þegar

26 Finnbogi Jónsson (2015): 14
27 Stefán Ólafsson (2009): 66-68

klaustur tíðkuðust á Íslandi á tólftu öld.[28] Í örnefnaskrá Svínanes er sagt að þar hafi verið nunnuklaustur og munkar á Kirkjubóli.[29] Ekki fundust frekari heimildir um þetta.

Björgvin Bæringsson, sem er heimildarmaður vegna fornleifaskráningarinnar, bjó á Kirkjubóli frá 1945 til 1954 en þá fluttu foreldrar hans að Skálmardal. Fjölskyldan hefur búið á jörðinni síðan á fyrri hluta 19. aldar. Björgvin var þó á Kirkjubóli mikið á sumrin þar til jörðin lagðist í eyði. Þá voru túnin á Kirkjubóli áfram nýtt frá Skálmardal þar til sú jörð fór í eyði árið 1968. Síðan hefur hann mest komið að Kirkjubóli á sumrin. Hann man vel eftir upphlöðnum leiðum og signum garði kirkjugarðsins og Bænhústóftarinnar. Á meðan slegið var með orfi og ljá og allar mishæðir í flötinni eltar, var ljárinn oft að rekast í steina í hleðslum tóftarinnar og garðsins. Þetta var svo allt sléttað 1959-60.[30]

Með leiðsögn heimildarmanns og við að rýna í loftmyndir (LMÍ 1984 og Loftmyndir 2004) má sjá móta fyrir hringlaga kirkjugarð bænhússins og við vettvangsathugun um miðjan júní árið 2015 var gras ekki orðið það sprottið og því hægt að greina minjarnar á vettvangi.

### *Brandsstaðir*

*(fornleifar nr. 1825-16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 27)*

Ekki eru neinar eldri heimildir fyrir því að búið hafi verið á Brandsstöðum og eina heimildin fyrir býli þar er örnefnaskrá Kirkjubóls. Rústahóll og tóftir sem þar eru gefa mynd af umsvifum sem þar hafa verið og minjarnar eru greinilega frá mismunandi tímum. Ekki er ólíklegt að sagan um býlið hafi lifað í munnlegri geymd. Menn hafa getið sér til um að byggð hafi hugsanlega verið hér áður en Kirkjuból byggðist.[31] Staðurinn sem flestar minjarnar standa á er líklega skriða sem staðið hefur hærra en umhverfið og því verið þurrari. Sunnan við skriðuna rennur svo lækur, svo stutt hefur verið að sækja vatn. Öll skilyrði til búsetu eru fyrir hendi, beitar- og slægjuland nægt og hægt hefur verið að leggja bát að og jafnvel geyma á staðnum. Beit húsdýra er lítil nú miðað við það sem áður var og því erfitt að sjá hvort fleiri minjar leynast í grenndinni. Náttúrulegur víðir hefur einnig vaxið upp á svæðinu umhverfis minjarnar. Mögulega má þó greina tvær tóftir til viðbótar á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1984 (nr. 1825-23 og 24). Minjarnar á Brandsstöðum geta verið misgamlar og hugsanlegt að þarna hafi verið kot eða sel en Kirkjubólssel er um 330 metrum innar í firðinum.

28 Finnbogi Jónsson (2014): 464
29 Örnefnaskrá Svínanes. Jónína Hafsteinsdóttir.
30 Björgvin Bæringsson. Munnleg heimild.
31 Finnbogi Jónsson og Lýður Björnsson (2006): 31-32

Samkvæmt heimildarmanni var þetta alltaf slegið áður. Skurður var grafinn frá norðurhlið hólhryggsins, sem mestu minjarnar á Brandsstöðum standa á, til norður og norðvesturs um 1958 til að ræsa fram svæðið. Hugsanlega hefur verið grafið örlítið inn í hólinn á þeim tíma. Áður hafði svæðið oft kalið vegna svellbunka sem hlóðust upp á svæðinu á veturna.[32] Þá er spurning hvort að einhverjar minjar hafi lent undir Bæjarnesvegi þegar hann var lagður um svipað leyti. Vegna fjölda minja á svæðinu, er ekki ólíklegt að fleiri minjar leynist undir sverði.




*Mynd 4: Samkvæmt örnefnaskrá eru minjarnar á Brandsstöðum eftir fornbýli. Samkvæmt skipulagstillögu frá 2014 hefði aðal rústahóllinn lent að hluta inn á lóð 9. En samkvæmt nýrri tillögu sem verið er að vinna verður tekið tillit til minja á svæðinu.(Loftmyndir ehf og ÓLA).*

32 Björgvin Bæringsson. Munnleg heimild.

### ***Kirkjubólssel***

*(fornleifar nr. 1825-10, 11, 12, 13, 14 og 15)*

Á Kirkjubólsseli er töluvert af tóftum og öðrum mannvirkjum sem greinilega eru frá mismunandi tímum. Vegna umfangsins er einnig hugsanlegt að fleiri minjar leynist undir sverði í næsta nágrenni. Minjasvæði Kirkjubólssels er í um 5,8 km utan við Kvígindisfjarðar bæinn og 2,8 km fyrir innan Kirkjuból. Heilsárs búseta gæti hafa verið í selinu í góðum árum. Yngstu tóftirnar voru uppistandandi fram undir miðja 20. öld. Þetta eru fjárhús sem voru notuð síðast til að skýla lambfé. Á korti dönsku landmælingamannanna (herforingjaráðskorti) frá 1914 er Kirkjubólssel merkt sérstaklega, sem gæti gefið til kynna að þar hafi allavega verið búið hluta úr ári.[33] Samkvæmt heimildarmanni var haft þarna í seli fram undir 1920. Stærri fjárhúsin voru rifin um 1948 og viðirnir notaðir heima á Kirkjubóli til að endurbyggja fjárhús þar sem höfðu fokið. Minni fjárhúsin stóðu fram yfir 1954.[34]




*Mynd 5: Á Kirkjubólsseli má finna tóftir sels, útihúsa, réttir og vörðu. Elstu minjarnar eru líklega nr. 1825-12. Haft var í seli þar fram undir 1920 en byggingar stóðu á svæðinu fram yfir 1954. (Loftmyndir ehf og ÓLA).*

33 Generalstabens topografiske Kort (1914). 23 NV. Gufudalur – Vattarnes.
34 Björgvin Bæringsson. Munnleg heimild.

### *Innrasel*

*(fornleifar nr. 1825-1, 2, 3, 4 og 5)*

Á Innraseli eru einnig töluverðar tóftir. Megnið af þeim virðist vera eldri minjar og frá mismunandi tímum. Yngstu og stæðilegustu tóftirnar gætu hafa verið í notkun fram undir lok 19. aldar. Staðurinn er merkt inn sem rúst á korti dönsku landmælingamannanna (herforingjaráðskorti) af svæðinu frá 1914.[35] Þá hljóta öll hús að hafa verið fallin og komin úr notkun fyrir einhverjum árum.

Langamma heimildarmanns Ingibjörg Guðmundsdóttir og maður hennar Jóhannes Bæringsson bjuggu á Kirkjubóli 1839-1854. Guðrún Bæringsdóttir, amma heimildarmanns, hélt dagbækur og skráði endurminningar sínar og er heimildarmaður með þessi gögn undir höndum. Þar er m.a. sagt frá því að Ingibjörg hafi haft í seli þarna og telur heimildarmaður hugsanlegt að hún hafi verið síðasta selráðskonan í Innraseli.[36]

Fleiri minjar gætu leynist undir sverði vegna umfangs og sögu staðarins. Innrasel er í um 4,5 km fjarlægð frá Kirkjubóls bænum og 4 km utan við bæjarstæði Kvígindisfjarðar. Því er ekki ósennilegt að heilsárs búseta hafi verið einhverntíman í selinu. Bæjarnesvegur liggur skammt vestan við tóftirnar og vegskeringin mjög nálægt. Ekki eru heimildir fyrir því að minjar hafi eyðst vegna vegagerðarinnar, en vegna nálægar er sá möguleiki fyrir hendi.




*Mynd 6: Haft í seli á Innraseli fram undir lok 19. aldar. Samkvæmt skipulagstillögu frá 2014 hefðu selminjarnar lent að hluta inn á lóð 4. En samkvæmt nýrri tillögu sem verið er að vinna verður tekið tillit til minja á svæðinu. (Loftmyndir ehf og ÓLA).*

35 Generalstabens topografiske Kort (1914). 23 NV. Gufudalur – Vattarnes.
36 Björgvin Bæringsson. Munnleg heimild.

# 4. Fornleifaúttekt á einstökum byggingareitum

Þeir minjastaðir og minjar sem eru í mestri hættu vegna skipulagstillögu frá árinu 2014 eru Innrasel, Brandsstaðir, Böðvarshjalli, heimatúnið með Bæjarhól og Nátthagi (lóðir, 4, 9, 11, 18, ónúmeruð lóð í heimatúni og 22). Hugmyndir hafa komið fram með að lóðir 4, 9 og 11 verði færðar og er sú vinna í gangi.

Einungis er horft til byggingaframkvæmda. Ekki liggur ljóst á öllum stöðum hvernig framkvæmdum við lagningu heimkeyrsla, bílastæða, neysluvatns, rafmagns og fráveitu verður háttað með tilliti til fornleifa. Eins er ljóst að vegna fjarlægða og stærðar skipulagssvæðisins að minjar geta verið í hættu víðar vegna efnistöku, vegagerðar og fleiri þátta. Þá er einn þáttur í viðbót sem getur haft áhrif á fornleifar sem er skógrækt.

Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á jörðinni að ræða og ber skv. lögum að tilkynna Minjastofnun Íslands ef forleifar koma í ljós við framkvæmdir.




*Mynd 7: Kirkjuból, deiliskipulagssvæði og lóðanúmer (Pétur H. Jónsson).*

*Athugið að við neðangreinda úttekt er miðað við skipulagstillögu frá 2014.*[37]

**Lóðir 1-3:** Engar fornleifar fundust innan lóðamarka eða í næsta nágrenni. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

**Lóð 4:** Samkvæmt skipulagstillögu frá árinu 2014 eru innan lóðamarka og skammt sunnan við þau friðaðar fornleifar Innrasels (fornleifar 1825-1, 2, 3, 4 og 5) og njóta þær 15 metra friðhelgi

37 Pétur H. Jónsson (2014).

út frá ystu mörkum. Við jarðrask í næsta nágrenni við umræddar tóftir eru auknar líkur á að upp komi minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði í dag. Þar sem landrými á staðnum er nægt og ef landeigendur vilja ekki ráðast í fornleifarannsóknir á lóðinni, væri heppilegt að þessi byggingareitur yrði færður út fyrir minjasvæði í samráði við Minjastofnun Íslands. Eins getur þurft að grafa könnunarskurði til að kanna hvort að fleiri minjar leynist á svæðinu. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

**Lóðir 5-8:** Engar fornleifar fundust innan lóðamarka umræddra lóða. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

- Lóð 5: um 27 metrum norðan við lóðamörkin, meðfram Bæjarnesvegi eru friðaðar fornleifar nr. 1825-6 og 7.
- Lóð 7: um 50 metra suðsuðvestan við lóðamörkin er heimild um horfnar fornleifar nr. 1825-9. Þá eru nr. 1825-8 um 55 metrum suðvestan við lóðamörkin. Báðar fornleifarnar eru friðaðar samkvæmt lögum.
- Lóð 8: 63 metrum vestan við lóðamörkin er næsta tóft Kirkjubólssels, nr. 1825-10. Aukin hætta er áður óþekktar minjar finnist á svæðinu umhverfis minjar tengdu Kirkjubólsseli neðan Bæjarnesvegar, en lóðin er ofan vegarins. Allar minjar tengdar Kirkjubólsseli eru friðaðar samkvæmt lögum.

**Lóð 9:** Samkvæmt skipulagstillögu frá 2014 eru innan lóðamarka og skammt norðan og norðvestan við þau friðaðar fornleifar Brandsstaða (nr. 1825-16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26 og 27) og njóta þær 15 metra friðhelgi út frá ystu mörkum. Þess skal getið að eftir á að staðfesta hvort nr. 1825-23 og 24 séu í raun fornleifar. Nr. 1825-25 fundust ekki á vettvangi.
Við jarðrask á byggingareitnum í næsta nágrenni við umræddar tóftir er möguleiki að upp komi minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði og því getur þurft að grafa könnunarskurði á svæðinu áður en byrjað er á byggingaframkvæmdum. Þar sem landrými á staðnum er nægt og ef landeigandi vill ekki ráðast í fornleifa-rannsóknir á lóðinni, væri heppilegt að þessi byggingareitur yrði færður til í samráði við Minjastofnun Íslands.
Í 74 metrum suður af núverandi lóðatillögu er Grænhóll. Ekki eru heimildir um fornleifar þar, en útlit hólsins og staðsetning eru sérstök. Ef til stendur að framkvæma á hólnum, væri öruggara að grafa þar könnunarskurð til að kanna hvort þar leynast óþekktar fornleifar.

**Lóð 10:** Engar fornleifar fundust innan lóðamarka, en í næsta nágrenni er fjöldi friðaðra minja sem njóta 15 metra friðhelgi út frá ystu mörkum og vert er að gæta varúðar við framkvæmdir á svæðinu. Lóðin er ofan við Bæjarnesveg. Neðan vegarins eru minjar tengdar Brandsstöðum (nr. 1825-16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26 og 27). Sunnan og suðvestan við lóðina eru tvær vörður í 45 og 80 metra fjarlægð (nr. 1825-29 og 30).

**Lóð 11:** Samkvæmt skipulagstillögu frá árinu 2014 eru innan lóðamarka og skammt vestan við þau fundust tvær friðaðar fornleifar og njóta þær 15 metra friðhelgi út frá ystu mörkum. Nr. 1825-29 er hlaðin varða og stendur hún nálægt því inn á miðri lóð. Nr. 1825-30 er varða sem stendur 9,5 metrum vestan við lóðamörkin og um 18 metrum austan við Bæjarnesveg. Leita verður samþykkis Minjastofnunar Íslands ef til stendur að fjarlægja umræddar fornleifar. Hugsanlega er hægt að haga framkvæmdum og staðsetja byggingar þannig að umræddar fornleifar fái að standa áfram.

**Lóðir 12-17:** Engar fornleifar fundust innan lóðamarka umræddra lóða. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

- Lóð 12: um 59-83 metrum vestan við lóðamörkin, niðri á Grænhólsnesi, eru friðaðar fornleifar nr. 1825-31 , 32 og 33.
- Lóð 15: um 52 metra vestan við lóðamörkin, niðri á Arnarstapanesi, eru friðaðar fornleifar nr. 1825-34 og 35.
- Lóð 16: um 24 metrum austnorðaustan við lóðamörkin er Hólastekkur, sem er friðaðar fornleifar nr. 1825-36.

**Lóð 18** (gamli bærinn) og **ónúmeruð lóð** umhverfis nýja íbúðarhúsið (byggt 1944):

Lóð 18 er utan um gamla bæinn og fjós sem byggt var við hann árið 1950. Þessar byggingar standa á Bæjarhól (nr.1825-37), sem líklega hefur að geyma búsetusögu Kirkjubóls frá upphafi til dagsins í dag og sem slíkur nýtur hann verndar skv. lögum. Hóllinn er vel greinilegur og afmarkaður. Bæjarhólar myndast á bæjarstæðum þar sem byggingarefni (torf og grjót), aska og rusl safnast saman og hlaðast upp í lögum á einhverjum öldum. Samkvæmt heimilarmanni voru bæjarhúsin þar endurhlaðin um 1924 og notuð þar til nýtt íbúðarhús var byggt árið 1944. Um 1950 voru húsin færð í það horf sem þau voru í þar til nú og á sama tíma var byggt fjós úr holsteini og votheysturn. Timburgrind gamla bæjarins var notuð, en bárujárnsklædd á sama tíma.



*Mynd 8: Túnakort frá 1920 lagt yfir loftmynd frá 2004. Einungis þær fornleifar sem eru sýnilegar á túnakortinu hafa verið merktar inn á þetta kort. (Loftmyndir ehf., Þjóðskjalasafn Íslands og ÓLA).*


*Mynd 9: Bæjarhóllinn á Kirkjubóli í ágúst 2016 eftir að framkvæmdir við uppgerð húsa höfðu staðið yfir. (Mót suðvestur. Ljósm. ÓLA)*


*Mynd 10: Mannvistarlög í sniði í skurði framan (vestan) í Bæjarhól í ágúst 2016. (Mót vestur. Ljósm. ÓLA)*

Á hólnum eru sýnilegar minjar (nr. 1825-38 og 39) og heimildir um minjar (nr. 1825-42 og 43). Þá er bænhústóftin og kirkjugarðurinn (nr. 1825-40 og 41) rétt norðvestan við Bæjarhól. Framkvæmdir hafa staðið yfir undanfarin 2-3 ár við að gera upp og breyta þessum húsum á bæjarhólnum í frístundahús. Jarðvegsframkvæmdir hafa verið unnar án aðkomu fornleifafræðinga. Í jarðvegssniðum og uppmokstursshaugum úr húsgrunninum mátti sjá greinilegar mannvistarleifar og ljóst að minjar og þær upplýsingar sem þær hafa að geyma hafa farið forgörðum. Uppmokstrinum úr grunninum hefur m.a. verið ekið í haug niður í fjöruborði og má þar sjá mannvistaleifar.
Umhverfis íbúðarhúsið er teiknuð inn lóð á skipulagsuppdrættinum. Ekki eru upplýsingar um neinar minjar þar, en þar sem húsið stendur innan gamla heimatúnsins (nr. 1825-57), eru miklar líkur til þess að áður óþekktar minjar geti komið í ljós við hverskyns framkvæmdir. <u>Leita verður umsagnar hjá Minjastofnun Íslands vegna allra framkvæmda á Bæjarhól, innan túngarðs og gamla heimatúnsins á Kirkjubóli.</u>

**Lóðir 19-21:** Engar fornleifar fundust innan lóðamarka umræddra lóða. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

Búið er að reisa sitthvort frístundahúsið á lóðum 19 og 21.

- Lóð 19: um 50 metrum vestan við lóðamörkin, niðri á Skipatanga, eru friðaðar fornleifar nr. 1825-65.
- Lóð 20: um 60 metrum sunnan við lóðamörkin, eru ummerki um gömlu reiðleiðina út Bæjarnes. Þetta eru friðaðar fornleifar nr. 1825-68.
- Lóð 21: um 45 metra suðvestan við lóðamörkin, niðri á Krossnesi, eru friðaðar fornleifar nr. 1825-69 og 70. Fyrir ofan og norðaustan lóðamörkin eru ummerki um gömlu reiðleiðina út Bæjarnes. Þetta eru friðaðar fornleifar nr. 1825-68 og hafa þær skaðast eitthvað við lagningu heimkeyrslu að lóðinni.

**Lóð 22:** Lóðin er umlukin hleðslum nátthaga, sem samkvæmt heimildarmanni var hlaðinn í byrjun 20. aldar og fram til um 1930. Samkvæmt því er hluti minjanna aldursfriðaður og hluti þeirra langt á veg komin að verða það (nr. 1825-76). Búið er að reisa byggingar á lóðinni og ekki er vitað hvort einhverjar minjar voru þar sem byggingar standa. Ljóst er að hluti hleðslunnar hefur raskast við lagningu heimkeyrslu að lóðinni. Um 20 metrum fyrir ofan norðaustur horn lóðarinnar er heimild um fornleifar nr. 1825-77 sem hafa lent undir fyllingu við lagningu Bæjarnesvegar. Þá eru einnig suðurmörk gömlu reiðleiðarinnar út Bæjarnes í um 13-26 metrum fyrir ofan og norðaustan við lóðamörkin. Þetta eru friðaðar fornleifar nr. 1825-68 og hafa þær skaðast eitthvað við lagningu heimkeyrslu að lóðinni og áfram út nesið eru ummerki um leiðina löngu horfin undir veg.
Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart. Leita verður umsagnar Minjastofnunar ef til stendur að rífa eða breyta hleðslum eitthvað frekar.

**Lóð 23:** Engar fornleifar fundust innan lóðamarka, en 36 metrum vestan við lóðamörkin á Stekkjarklettum eru friðaðar fornleifar nr. 1825-75. Þá eru fleiri fornleifar lengra utan við lóðamörkin í norðvestur og vestsuðvestur. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

# 5. Niðurstöður

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirvöldum innan handar við að standa vörð um fornleifar og marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálefnum. Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei, bæði vegna þess að nýjar óþekktar minjar geta komið í ljós og eins vegna aldursskilgreiningar á fornleifum í lögum um menningarminjar. Samkvæmt þeim teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar 100 ára og eldri og því bætast nýjar minjar árlega við.

Alls voru skráðar 82 stakar fornleifar eða heimildir um minjar innan skipulagssvæðisins. Ekki eru allar minjarnar aldursfriðaðar, því miklar framkvæmdir sem miðuðu að því að bæta búsetuskilyrði voru á jörðinni á fyrri hluta 20. aldar. Sjá nánar um hvern minjastað í kafla 8, aftast í skýrslunni.

Minjarnar sem skráðar voru eru mjög fjölbreyttar. Auk bæjarhólsins og þeirra búsetusögu sem hann hefur að geyma, eru rústir tveggja selstaða (Innrasel og Kirkjubólssel) og eins fornbýlis (Brandsstaðir). Einnig eru innan svæðisins staðir með minjum um útræði; naust, uppsátur og ruddar varir. Þá eru útihús ýmis, aðhöld og annað tengt búskap. Loks eru nokkur fjöldi af vörðum og fleira.

Skipulagstillaga frá árinu 2014 stangast á við *Lög um menningarminjar nr. 80/2012* á lóðum .4, 9, 11 og 18 og 22. Sjá nánar í kafla 4. Vegna umfangs minja á fyrirhuguðum lóðum nr. 4 (Innrasel) og 9 (Brandsstaðir) og að þar eru stórauknar líkur á að fleiri minjar gætu komið í ljós, er heppilegasta lausnin að hnika staðsettningu lóðanna til eða færa á nýjan stað og er vinna við það í gangi. Eins getur þurft að grafa könnunarskurði á þessum stöðum eða að jarðvegsframkvæmdir séu vaktaðar af fornleifafræðingi.

Það skal áréttað að aðrar fornleifar en friðlýstar fornleifar njóta 15 metra friðhelgi og skal hafa það í huga varðandi allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins. Reynslan hefur sýnt að undir yngri minjum leynast oft eldri minjar og eins að innan gamalla túna eru margfaldar líkur á að áður óþekktar minjar finnist. Sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir og rask í nágrenni skráðra fornleifa. Þetta á ekki einungis við um byggingaframkvæmdir, heldur einnig framkvæmdir eins og við lagningu neysluvatns, frárennsli, rafmagns, heimkeyrslu, trjárækt o.fl. Lögð er áherslu á að samkvæmt *menningarminjalögum* ber að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við jarðrask á framkvæmdatíma.

Patreksfjörður, 16. desember 2016.
Óskar Leifur Arnarsson

# 6. Heimildaskrá


Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala- og Barðastrandarsýsla.* VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1983.]

Bjarni F. Einarsson. (2007). „Minjavernd er umhverfisvernd.“ *Eldjárn*. 2. árg. 1. tbl. s. 6-8

Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar.* Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Björn Lárusson. (1967). *The old icelandic land registers.* Lund: C.W.K. Gleerup.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. 1*. bindi. 834-1264. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn, 1857-1876.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 4*. bindi. 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn, 1897.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 7*. bindi. 1170-1505. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1903-1907.

Finnbogi Jónsson og Lýður Björnsson. (2006). „Brot úr byggðasögu II.“ *Árbók Barðastrandarsýslu. 17.árg.2006.* Sögufélag Barðastrandarsýslu. bls. 29-47.

Finnbogi Jónsson (ritstj.). (2014). *Vestfjarðarit IV. Hjalla meður græna. Austur-Barðastrandarsýsla 1900-2012.* Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.

Finnbogi Jónsson. (2015). „Kirkjan að Múla á Skálmarnesi.“ *Árbók Barðastrandarsýslu. 26.árg. 2015.* Sögufélag Barðastrandarsýslu. bls. 6-88.

Gísli Gíslason, Óskar Örn Gunnarsson, Margrét Ólafsdóttir og Yngvi Þór Loftsson. (2008). *Reykhólahreppur. Aðalskipulag 2006-2018. Skipulagstillaga. Landmótun.* *http://www.reykholar.is/stjornsysla/adalskipulag/skra/360/*

Haraldur Matthíasson. (1982). *Landið og Landnáma.* I. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.

*Íslendingabók Landnámabók.* (1968). Jakob Benediktsson (gaf út). Íslensk fornrit, I. bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn.

Jón Árnason (safnaði). (1862). *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri.* 1. bindi. Leipzig: J.C. Hinrich.

Jón Kr. Guðmundsson. (án árs). *Skyggir skuld fyrir sjón. II. Sagnabrot og ábúendatal úr Gufudalssveit og Múlasveit í Austur-Barðastrandarsýslu 1703-1989*. Höfundur.

Lýður Björnsson. (1968). „Guðshús í Barðastrandarsýslu.“ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga. 1967. 12. árg.* bls. 7-56.

*Lög um menningarminjar nr. 80, 29. júní 2012.* http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.* (1861). Kaupmannahöfn: [Jarðabókaútgáfan].

Oddgeir Isaksen og Orri Vésteinsson. (2015, 21. október). „Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart.“ *Fréttablaðið*, bls. 15.

Oddgeir Isaksen (2016). *Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 1. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn.* Minjastofnun Íslands, Reykjavík. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar_uppf.pdf

Ólafur Lárusson. (1953). „Bæjarnöfn í Barðastrandarsýslu." *Árbók Barðastrandarsýslu.* 1952. 5. árg. Barðastrandarsýsla. bls. 5-20.

Ólafur Lárusson. (1944). *Byggð og saga*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Ólafur Lárusson. (1939). „Kirkjuból." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags.* 46. árg., 1937-1939. Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag. bls. 19-56.

Pétur H. Jónsson. (2014). *Kirkjuból á Bæjarnesi, Reykhólahreppi. Deiliskipulag frístundabyggðar. Tillaga 2.* Höfundur.

*Skráningarstaðlar fornleifa*. (2013). Minjastofnun Íslands. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

*Sóknalýsingar Vestfjarða. 1. Barðastrandasýsla.* (1952). Samband vestfirzkra átthagafélaga, Reykjavík.

Stefán Ólafsson. (2009). *Kirkjur og bænhús í Austur-Barðastrandarsýslu.* (FS393-08051). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Fasteignaskrá*. Sótt 10. október 2016. http://www.skra.is

**Örnefnaskrár:**

Örnefnaskrá - Kirkjuból. Ari Gíslason skráði.

Örnefnaskrá – Kirkjuból á Bæjarnesi. Jónína Hafsteinsdóttir. 1978.

Örnefnaskrá – Svínanes. Jónína Hafsteinsdóttir.

**Óútgefið:**

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. (e.d.). Fasteigna- og jarðamat: *Fasteignamat 1916-1918 – Undirmat, V-Barðastrandarsýsla*. Sótt 4. júlí 2015. http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1

**Munnlegar heimildir:**

Björgvin Bæringsson, Kópavogi (f.1943)

**Myndir:**

Landmælingar Íslands, loftmyndir nr.:

- 1984_LMI_H20-H-5243

Loftmyndir ehf., loftmynd frá árinu 2004.

Ljósmynd af gamla bænum á Kirkjubóli, afrit úr fórum landeigenda.

**Kort:**

Generalstabens topografiske Kort (1914). 2*3 NV. Gufudalur - Vattarnes.* 1:50.000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.

Þórðar Ó. Thorlacius (1920). Kirkjuból. Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.

# 7. Kort

Kirkjuból í Kvígindisfirði

Deiliskipulag

- Skipulagssvæði
- Kirkjuból-lóðir
- Kirkjuból-byggingar
- Bæjarnesvegur

Fornleifar

- Fornleifar
- Fornleifar
- Fornleifar
- Horfnar fornleifar
- 15 metra friðhelgi




0 500 1000 1500 m

Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2004).
Viðb. Óskar Leifur Arnarsson (fornleifaskráning)
Pétur H. Jónsson (deiliskipulagstillaga).

## Kirkjuból í Kvígindisfirði

### Deiliskipulag

- Skipulagssvæði
- Kirkjuból-lóðir
- Kirkjuból-byggingar
- Bæjarnesvegur

### Fornleifar

- Fornleifar
- Fornleifar
- Fornleifar
- Horfnar fornleifar
- 15 metra friðhelgi




0 100 200 300 400 m

Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2004).
Viðb. Óskar Leifur Arnarsson (fornleifaskráning)
Pétur H. Jónsson (deiliskipulagstillaga).


Kirkjuból í Kvígindisfirði
Deiliskipulag
Skipulagssvæði
Kirkjuból-lóðir
Kirkjuból-byggingar
Bæjarnesvegur
Fornleifar
Fornleifar
Fornleifar
Fornleifar
Horfnar fornleifar
15 metra friðhelgi
1825-80
1825-6
5
6
7
8
1825-8
1825-79
1825-13
1825-15
1825-12
1825-10
0
100
200
300
400 m
Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2004).
Viðb. Óskar Leifur Arnarsson (fornleifaskráning)
Pétur H. Jónsson (deiliskipulagstillaga).


Kirkjuból í Kvígindisfirði
N
Deiliskipulag
Skipulagssvæði
Kirkjuból-lóðir
Kirkjuból-byggingar
Bæjarnesvegur
Fornleifar
Fornleifar
Fornleifar
Fornleifar
Horfnar fornleifar
15 metra friðhelgi
1825-25
1825-26
1825-22
1825-27
1825-16
9
10
1825-28
1825-30
1825-29
11
12
1825-31
1825-32
1825-33
13
14
15
1825-34
1825-35
0
100
200
300
400 m
Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2004).
Viðb. Óskar Leifur Arnarsson (fornleifaskráning)
Pétur H. Jónsson (deiliskipulagstillaga).

## Kirkjuból í Kvígindisfirði

### Deiliskipulag

- Skipulagssvæði
- Kirkjuból-lóðir
- Kirkjuból-byggingar
- Bæjarnesvegur

### Fornleifar

- Fornleifar
- Fornleifar
- Fornleifar
- Horfnar fornleifar
- 15 metra friðhelgi




0 100 200 300 m

Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2004).
Viðb. Óskar Leifur Arnarsson (fornleifaskráning)
Pétur H. Jónsson (deiliskipulagstillaga).


N
Kirkjuból í Kvígindisfirði
Deiliskipulag
Skipulagssvæði
Kirkjuból-lóðir
Kirkjuból-byggingar
Bæjarnesvegur
Fornleifar
Fornleifar
Fornleifar
Fornleifar
Horfnar fornleifar
15 metra friðhelgi
19
20
21
23
1825-65
1825-66
1825-67
1825-68
1825-69
1825-72
1825-73
1825-74
1825-75
1825-76
1825-77
1825-78
0 100 200 300 400 m
Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2004).
Viðb. Óskar Leifur Arnarsson (fornleifaskráning)
Pétur H. Jónsson (deiliskipulagstillaga).

# 8. Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-1** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334380 N570568 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Innrasel |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | tóft |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | sel |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1550-1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Hátt |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Heillegar fornleifar |
| *Horfin* | Nei |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | framkvæmdir |
| *Veggjahæð* | 1,0 – 1,3 m |
| *Veggþykkt* | 1,3 m |
| *Breidd* | 12,0 m |
| *Lengd* | 6,0 m |

*Lýsing*: Í örnefnaskrá segir: "Innan þess [Hlaðklif] er annað sel, sem nefnt er Innrasel. Fram af því skagar stór nafnlaus grasgrund út í fjörðinn." Láglendið innan við Hlaðklif var kallað Land og er Innrasel 650 m innan við Hlaðklif, en 1,6 km utan við Parthjallaskriðu (landamerki). Minjarnar eru staðsettar í gróinu mólendi á flöt sem hallar lítið eitt frá fjallsrótum og niður í fjöru. (Ö-Kirkjuból).

Grasi gróin tóft byggingar sem hefur þrjú rými. Stærð um 12 x 6 m og hleðsluhæð allt að 1.3 m. Inngangar í syðsta og nyrsta rýmið að vestan, en í miðrýmið frá því syðsta. Á nyrsta rýminu er einnig minni inngangur að austan. Þessi tóft er yngst á svæðinu.
Bæjarnesvegur liggur vestan við tóftina og vegfláinn er mjög nærri. Ekki er vitað hvort að minjar hafi skaðast eða lent undir veginum þegar hann var lagður á sínum tíma, en það er allt eins mögulegt vegna nálægðar vegarins við nr. 1825-1. Samkvæmt skipulagstillögu er gert ráð fyrir lóð undir frístundahús á staðnum. Miðað við umfang minjasvæðisins, er ekki ólíklegt að fleiri minjar leynist undir sverði í næsta nágrenni við tóftirnar. Hugsanlega getur þurft að grafa könnunarskurð til að ganga úr skugga um að ekki séu óþekktar fornleifar sem ekki sjást á yfirborði innan byggingareitsins.




*Mynd 11: Sýnilegar minjar á Innraseli ná yfir svæði sem eru um 35 x 18 m að stærð. Hluti minjanna er inna lóðamarka og ekki ólíklegt að fleiri minjar leynist á svæðinu. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 12: Tóft 1825-1 séð frá Bæjarnesvegi. Af útliti að dæma er hún yngst þeirra tófta sem eru á Innraseli. (Mót norðaustur. Ljósm. ÓLA).*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-2** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334384 N570589 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Innrasel |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | tóft |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | sel |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1550-1850 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Hátt |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Vel greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | Nei |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | framkvæmdir |
| *Veggjahæð* | 0,5 m |
| *Veggþykkt* | 1,2 m |
| *Breidd* | 4,0 m |
| *Lengd* | 4,5 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Innan þess [Hlaðklif] er annað sel, sem nefnt er Innrasel. Fram af því skagar stór nafnlaus grasgrund út í fjörðinn." Láglendið innan við Hlaðklif var kallað Land og er Innrasel 650 m innan við Hlaðklif, en 1,6 km utan við Parthjallaskriðu (landamerki). Minjarnar eru staðsettar í gróinu mólendi á flöt sem hallar lítið eitt frá fjallsrótum og niður í fjöru. (Ö-Kirkjuból).

Tóftin stendur innst í Innraseli, upp á smá hólbungu. Að utanmáli er hún um 4.0 x 4.5 m og hleðsluhæð 0.5 m. Óþekkt hlutverk, en hugsanlega er tóftin kró fyrir innan nr. 1825-3 sem gæti þá verið lítið aðhald.
Samkvæmt skipulagstillögu er gert ráð fyrir lóð undir frístundahús á staðnum. Miðað við umfang minjasvæðisins, er ekki ólíklegt að fleiri minjar leynist undir sverði í næsta nágrenni við tóftirnar. Hugsanlega getur þurft að grafa könnunarskurð til að ganga úr skugga um að ekki séu óþekktar fornleifar sem ekki sjást á yfirborði innan byggingareitsins.




*Mynd 13: Tóft 1825-2 er nyrst á Innraseli. Hugsanlega hafa hún og 1825-3 verið nýttar samtímis. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 14: Tóftin stendur innst og nyrst á Innraseli. Mögulega er hún hluti af nr. 1825-3. (Mót suður. Ljósm.ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| Fornleifanr. MÍ | **1825-3** |
| **Verknr. MÍ** | **1825** |
| Eldra númer | |
| Sýsla | Austur-Barðastrandarsýsla |
| Sveitarfélag | Reykhólahreppur |
| Hreppur nr. | 4504 (Múlahreppur) |
| Landareign | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| Landnúmer | 139611 |
| Skrásetjari | Óskar Leifur Arnarsson |
| Heimsótt | 17.-18.06.2015 |
| GPS hnit | A334387 N570584 |
| Hnitakerfi | ISN93 |
| M.y.s. | - |
| Skekkja | 0-3 m |
| Sérheiti / örnefni | Innrasel |
| Minjaheild | sel |
| Tegund | niðurgröftur með hleðslu |
| Tegund annað | |
| Hlutverk | óþekkt |
| Hlutverk annað | |
| Aldur | 1550-1850 |
| Friðlýst? | Nei |
| Friðlýsa? | Nei |
| Varðveislugildi | Talsvert |
| Minjaspjöll? | Nei |
| Gróður | graslendi |

| | |
|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar |
| Horfin | Nei |
| Hættumat | Mikil hætta |
| Hættuorsök | framkvæmdir |
| Veggjahæð | 0,5 m |
| Veggþykkt | 1,4 m |
| Breidd | 6,0 m |
| Lengd | 5,0 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Innan þess [Hlaðklif] er annað sel, sem nefnt er Innrasel. Fram af því skagar stór nafnlaus grasgrund út í fjörðinn." Láglendið innan við Hlaðklif var kallað Land og er Innrasel 650 m innan við Hlaðklif, en 1,6 km utan við Parthjallaskriðu (landamerki). Minjarnar eru staðsettar í gróinu mólendi á flöt sem hallar lítið eitt frá fjallsrótum og niður í fjöru. (Ö-Kirkjuból).

Svo virðist sem umrætt mannvirki hafi verið byggt þannig að stungið hefur verið inn í hallann til austurs og hlaðið að framan. Að utanmáli er það um 5 x 6 m og hleðsluhæð 0.5 m. Óþekkt hlutverk, en hugsanlega aðhald og nr. 1825-2 sé lítil kró sem tilheyrir því.
Samkvæmt skipulagstillögu er gert ráð fyrir lóð undir frístundahús á staðnum. Miðað við umfang minjasvæðisins, er ekki ólíklegt að fleiri minjar leynist undir sverði í næsta nágrenni við tóftirnar. Hugsanlega getur þurft að grafa könnunarskurð til að ganga úr skugga um að ekki séu óþekktar fornleifar sem ekki sjást á yfirborði innan byggingareitsins.

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-4** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334393 N570574 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Innrasel |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | tóft |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | sel |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1550-1800 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Hátt |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Illgreinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | ekki vitað |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | framkvæmdir |
| *Veggjahæð* | 0,3 m |
| *Veggþykkt* | 0,6 m |
| *Breidd* | 26,0 m |
| *Lengd* | 11,0 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Innan þess [Hlaðklif] er annað sel, sem nefnt er Innrasel. Fram af því skagar stór nafnlaus grasgrund út í fjörðinn." Láglendið innan við Hlaðklif var kallað Land og er Innrasel 650 m innan við Hlaðklif, en 1,6 km utan við Parthjallaskriðu (landamerki). Minjarnar eru staðsettar í gróinu mólendi á flöt sem hallar lítið eitt frá fjallsrótum og niður í fjöru. (Ö-Kirkjuból).

Nokkrar samliggjandi tóftir (5 rými) sem eru um 26 x 11 m að stærð og allt að 0.6 m háar. Aldur rýmanna gæti verið mismunandi. Norður hlutinn virðist vera stunginn inn í hallann til austurs og hlaðið að framan í vestri. Syðsta tóftin gæti verið aðhald og gæti mögulega tilheyrt yngra byggingarskeiði. Eins gætu þessar tóftir hafa skaðast þegar yngsta byggingin á svæðinu (1825-1) var reist.
Samkvæmt skipulagstillögu er gert ráð fyrir lóð undir frístundahús á staðnum. Miðað við umfang minjasvæðisins, er ekki ólíklegt að fleiri minjar leynist undir sverði í næsta nágrenni við tóftirnar. Hugsanlega getur þurft að grafa könnunarskurð til að ganga úr skugga um að ekki séu óþekktar fornleifar sem ekki sjást á yfirborði innan byggingareitsins.




*Mynd 15: Undir nr. 1825-4 eru nokkrar samliggjandi tóftir (5 rými) sem eru stungin inn í hallann til norðausturs. Hugsanlega eru þær af mismunandi aldri. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 16: Myndin er tekin yfir hluta nr. 1825-4, en fyrir miðri mynd og greinilegust er nr. 1825-1. Handan fjarðarins er Svínanes. (Mót suðvestur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-5** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334457 N570539 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Innrasel |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | frásögn |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | óþekkt |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | lítt gróið |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Ekki sést til fornleifa |
| *Horfin* | vegna skriðufalla |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | skriðuföll |
| *Veggjahæð* | - |
| *Veggþykkt* | - |
| *Breidd* | - |
| *Lengd* | - |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Innan þess [Hlaðklif] er annað sel, sem nefnt er Innrasel." Láglendið innan við Hlaðklif var kallað Land og er Innrasel 650 m innan við Hlaðklif, en 1,6 km utan við Parthjallaskriðu (landamerki). Minjarnar voru í skriðuruðningi sem kemur úr Innraselsgili. (Ö-Kirkjuból).

Ekki sést til minjanna og ekki vitað hvort þær leynast undir grjóthruni og skriðu á svæðinu eða hvort þær eru alveg horfnar. Heimildarmaður man eftir hleðslu á þessum stað en segir hana hafa horfið vegna grjóthruns og skriðufalla úr hlíðinni og Innraselsgili. (munnleg heimild).




*Mynd 17: Kortið sýnir u.þ.b. staðsetningu hleðslu nr. 1825-5. (Teikn. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-6** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334545 N569934 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Hlaðklif |
| *Minjaheild* | |
| *Tegund* | garðlag |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | vörslugarður |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Lítið |
| *Minjaspjöll?* | Já |
| *Gróður* | kjarr og skógur |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | vegna rasks |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | vegagerð |
| *Veggjahæð* | 0,5 m |
| *Veggþykkt* | 1,0 m |
| *Breidd* | 1,0 m |
| *Lengd* | 32,0 m |

*Lýsing:* Svæðið innan við Hlaðklif og inn að Parthjallaskriðu er kallað Land. Þar er ekki flæðhætta og því óhætt að halda fé þar fram á haust án þess að vakta það.
Hlaðinn garður liggja meðfram veginum að vestanverðu á leið upp á Hlaðklif að norðan þegar farið er út Kirkjubólshlíð. Þarna lá hestagatan áður yfir og var hlaðinn veggur meðfram en klettarnir þarna mynda að mestu náttúrulegt aðhald. Síðan var hlaðinn þvergarður yfir götuna með kerrubreiðu hliði (nr. 1825-7). Þessi veggbútur og hliðið hvarf þegar bílvegurinn kom upp úr miðri 20. öld. Heimildarmaður segir að hlaðið hafi verið í götuskarð og hlið verið á hestagötunni. Garðlagið vestanvert meðfram veginum er hrunið og hefur aflagast við vegagerð og hliðið hvarf við vegagerð. Örlítið vottar fyrir hleðslu austanvert við veginn. (munnleg heimild)




*Mynd 18: Garðlag 1825-6 liggur vestan við veginn yfir Hlaðklif að innanverðu. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 19: Á myndinni má sjá í suður enda garðlagsins 1825-6). Það liggur meðfram veginum niður brekkuna. (Mót norður. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-7** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334552 N569938 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Hlaðklif |
| *Minjaheild* | |
| *Tegund* | garðlag |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | vörslugarður |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Lítið |
| *Minjaspjöll?* | Já |
| *Gróður* | lítt gróið |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Illgreinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | vegna vegagerðar |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | vegagerð |
| *Veggjahæð* | 0,4 m |
| *Veggþykkt* | 0,5 m |
| *Breidd* | 0,5 m |
| *Lengd* | 0,5 m |

*Lýsing*: Svæðið innan við Hlaðklif og inn að Parthjallaskriðu er kallað Land. Þar er ekki flæðhætta og því óhætt að halda fé þar fram á haust án þess að vakta það.
Hugsanlegt hleðslubrot, leifar af hlöðnum þvergarði þar sem hlið var reiðgötunni, sést í vegfláa austan við Bæjarnesveg. Hlaðinn garður (nr. 1825-6) liggja meðfram veginum að vestanverðu á leið upp á Hlaðklif að norðan þegar farið er út Kirkjubólshlíð. Þarna lá hestagatan áður yfir og var hlaðinn veggur meðfram en klettarnir þarna mynda að mestu náttúrulegt aðhald. Þvergarðurinn og hliðið hvarf þegar bílvegurinn kom upp úr miðri 20. öld. Heimildarmaður segir að hlaðið hafi verið í götuskarð og hlið verið á hestagötunni. Garðlagið vestanvert meðfram veginum er hrunið og hefur aflagast við vegagerð og hliðið hvarf við vegagerð. Örlítið vottar fyrir hleðslu austanvert við veginn. (munnleg heimild)

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-8** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334559 N568969 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Vörðunes |
| *Minjaheild* | |
| *Tegund* | varða |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | óþekkt |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1750-1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Lítið |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | lítt gróið |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Heillegar fornleifar |
| *Horfin* | Nei |
| *Hættumat* | Hætta |
| *Hættuorsök* | rask |
| *Veggjahæð* | 1,5 m |
| *Veggþykkt* | 1,0 m |
| *Breidd* | 1,0 m |
| *Lengd* | 1,0 m |

*Lýsing:* Varðan stendur á jökulsorfinni klöpp á Vörðunesi, um 18 metrum vestan við Bæjarnesveg. Vörðurnar voru tvær en hin lenti undir veginum. (munnleg heimild) Varðan er hlaðin úr grjóti og stendur á föstum grunni. Hún er um 1,5 metra há og um 1 meter í þvermál. Um 2,5 metrum frá vörðunni ber svæðið merki um að þar hafi verið tekið malarefni.




*Mynd 20: Varða 1825-8 stendur um 18 m vestan við Bæjarnesveg. Varða 1825-9 lenti undir veginum við vegagerð. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 21: Varða 1825-8 stendur á traustum grunni upp á jökulsorfinni klöpp.(Mót vestur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| Fornleifanr. MÍ | **1825-9** |
| **Verknr. MÍ** | **1825** |
| Eldra númer | |
| Sýsla | Austur-Barðastrandarsýsla |
| Sveitarfélag | Reykhólahreppur |
| Hreppur nr. | 4504 (Múlahreppur) |
| Landareign | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| Landnúmer | 139611 |
| Skrásetjari | Óskar Leifur Arnarsson |
| Heimsótt | 17.-18.06.2015 |
| GPS hnit | A334579 N568966 |
| Hnitakerfi | ISN93 |
| M.y.s. | - |
| Skekkja | 0-3 m |
| Sérheiti / örnefni | Vörðunes |
| Minjaheild | |
| Tegund | frásögn |
| Tegund annað | |
| Hlutverk | óþekkt |
| Hlutverk annað | |
| Aldur | |
| Friðlýst? | Nei |
| Friðlýsa? | Nei |
| Varðveislugildi | Lítið |
| Minjaspjöll? | Já |
| Gróður | lítt gróið |

| | |
|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa |
| Horfin | vegna vegagerðar |
| Hættumat | Mikil hætta |
| Hættuorsök | vegagerð |
| Veggjahæð | - |
| Veggþykkt | - |
| Breidd | - |
| Lengd | - |

*Lýsing:* Varðan stóð á Vörðunesi en hvarf undir veg þegar Bæjarnesvegur var lagður upp úr miðri 20. öld. (munnleg heimild)
Ekki sést til fornleifa og ekki vitað hvort einhverjar leifar leynast undir vegi eða hvort öll ummerki séu horfin. Nákvæm staðsetning er óþekkt en er innan 15 metra frá staðsetningarpunkti.

# *Fornleifaskrá*

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-10** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334596 N568702 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Kirkjubólssel |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | tóft |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | fjárhús |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1800-1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Talsvert |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Heillegar fornleifar |
| *Horfin* | Nei |
| *Hættumat* | Engin hætta |
| *Hættuorsök* | rask |
| *Veggjahæð* | 2,2 m |
| *Veggþykkt* | 2,0 m |
| *Breidd* | 9,0 m |
| *Lengd* | 13,0 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð inn af Brandsstaðanesi er fyrst smánes, en síðan Sel. Það er afbæjar nefnt Kirkjubólssel. Þar eru allmiklar rústir eftir beitarhús." (Ö-Kirkjuból)

Sambyggð hlaða og tveggja garða fjárhús með jötubálk, ofarlega og í suðaustur horni Seltanga. Svæðið hallar aðeins niður til sjávar í suður og suðvestur. Utanmál tóftarinnar er um 9 x 13 m. Veggir með hruni eru allt að 2 m þykkir og hæstur er veggurinn milli hlöðu og fjárhús um 2.2 m.
Haft var í seli fram undir 1920, en húsin stóðu fram yfir 1950 og voru notuð til að skýla lambfé. Eins var fé oft geymt hér fram að jólum. (munnleg heimild)




*Mynd 22: Sambyggð tveggja garða fjárhús með jötubálk á milli og hlöðu í norðaustur enda. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 23: Myndin sýnir framhlið húsanna og innar sést veggurinn milli hlöðu og fjárhúss sem stendur hæst. Landið hallar á þessu svæði til sjávar. (Mót norðaustur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| Fornleifanr. MÍ | **1825-11** |
| **Verknr. MÍ** | **1825** |
| Eldra númer | |
| Sýsla | Austur-Barðastrandarsýsla |
| Sveitarfélag | Reykhólahreppur |
| Hreppur nr. | 4504 (Múlahreppur) |
| Landareign | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| Landnúmer | 139611 |
| Skrásetjari | Óskar Leifur Arnarsson |
| Heimsótt | 17.-18.06.2015 |
| GPS hnit | A334550 N568724 |
| Hnitakerfi | ISN93 |
| M.y.s. | - |
| Skekkja | 0-3 m |
| Sérheiti / örnefni | Kirkjubólssel |
| Minjaheild | sel |
| Tegund | tóft |
| Tegund annað | |
| Hlutverk | fjárhús |
| Hlutverk annað | |
| Aldur | 1800-1900 |
| Friðlýst? | Nei |
| Friðlýsa? | Nei |
| Varðveislugildi | Talsvert |
| Minjaspjöll? | Nei |
| Gróður | graslendi |

| | |
|---|---|
| Ástand | Heillegar fornleifar |
| Horfin | Nei |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorsök | rask |
| Veggjahæð | 1,5 m |
| Veggþykkt | 2,0 m |
| Breidd | 12,0 m |
| Lengd | 11,5 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð inn af Brandsstaðanesi er fyrst smánes, en síðan Sel. Það er afbæjar nefnt Kirkjubólssel. Þar eru allmiklar rústir eftir beitarhús." (Ö-Kirkjuból)

Sambyggð tvö tveggja garða fjárhús með jötubálkum (fjórir garðar og tvær jötur). Aftan við vestara húsið er sambyggð hlaða, en líklega heytóft eða galtastæði með lágum veggjum aftan við austara húsið. Tóftirnar eru fyrir miðjum Seltanga, sunnantil og svæðið hallar aðeins niður til sjávar í suður og suðvestur.. Utanmál bygginganna er um 12.0 x 11.5 m.
Haft var í seli fram undir 1920, en húsin líklega rifin um 1948 og viðirnir notaðir við byggingu fjárhúsa heima á Kirkjubóli. Fram að því voru húsin notuð til að skýla lambfé og eins var fé oft geymt hér fram að jólum. (munnleg heimild)




*Mynd 24: Mikið af minjum er á Kirkjubólsseli, en þar var haft í seli fram undir 1920. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 25: Myndin er tekin frá nr. 1825-12 niður að fjárhúsi 1825-11. Þetta fjárhús var fjögra garða með tveim jötubálkum og hlöðum bakvið. (Mót suðvestur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-12** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334563 N568729 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Kirkjubólssel |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | tóft |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | sel |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1550-1800 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Hátt |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | ekki vitað |
| *Hættumat* | Engin hætta |
| *Hættuorsök* | rask |
| *Veggjahæð* | 0,4 m |
| *Veggþykkt* | 1,0 m |
| *Breidd* | 13,5 m |
| *Lengd* | 10,0 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð inn af Brandsstaðanesi er fyrst smánes, en síðan Sel. Það er afbæjar nefnt Kirkjubólssel. Þar eru allmiklar rústir eftir beitarhús." (Ö-Kirkjuból)

Minjarnar virðast töluvert eldri en nr.1825-10 og 11 og veggir signari og útflattir. Hugsanlega eru þær einnig af misjöfnum aldri og fleiri minjar gætu leynst á svæðinu, milli nr.1825-10, 11 og 12. Tóftirnar eru líklega sel og samanstanda af 5-6 rýmum með með óþekktan tilgang. Þær eru sunnan undir klöppum á grasi gróinu og nokkuð sléttu svæði sem hallar niður að sjó í suður og suðvestur. Fremstu rýmin, þau sem eru sypst og suðaustast eru nokkuð óljós og gæti vantað á þau framhliðarnar. Ekki er ljóst hvort að þarna hafi veggir verið rifnir þegar yngri byggingar voru byggðar eða svæðið sléttað að einhverjum hluta eða hvort þau hafi aldrei verið með veggi á allar hliðar.




*Mynd 26: Tóft 1825-12 stendur upp af tóft 1825-11. Þetta er líklega sel og samanstendur af 5-6 rýmum. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 27: Tóft 1825-11 er sýnilega elst á Kirkjubólsseli. Steinninn neðst á myndinni er í suðvestur horni tóftarinnar. (Mót norðaustur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-13** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334532 N568761 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Selrétt |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | garðlag |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | rétt |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1550-1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Talsvert |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | ríkt mólendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Vel greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | vegna landbrots |
| *Hættumat* | Hætta |
| *Hættuorsök* | landbrot |
| *Veggjahæð* | 1,3 m |
| *Veggþykkt* | 1,3 m |
| *Breidd* | 11,0 m |
| *Lengd* | 23,0 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð inn af Brandsstaðanesi er fyrst smánes, en síðan Sel. Það er afbæjar nefnt Kirkjubólssel. Þar eru allmiklar rústir eftir beitarhús." Selréttin er í klettasprungu, norðantil á Seltanga. (Ö-Kirkjuból)

Við gerð réttarinnar hefa náttúrulegar aðstæður verið valdar til vinnusparnaðar og er hún hlaðin í klettasprungu og í klettaskörð á nokkrum stöðum en að hluta myndar klettar hliðar hennar. Norður- og vesturveggurinn er hlaðinn niður við fjöruborðið. Réttin sjálf er um 11 m á kant. Austurveggurinn er þó um 23 m langur, líklega sem fyrirstaða og til að stýra fé inn í réttina.
Norður hlið réttarinnar er nokkuð hrunin, en hún liggur rétt ofan við fjöruborðið. Eins hefur hrunið úr hleðslum á austur hliðinni, en þær eru halla og milli kletta.



*Mynd 28: Selréttin stendur innantil á Seltanga.*


*Mynd 29: Við gerð réttarinnar hefur landslagið ráðið mestu og náttúrulegir klettar mynda hluta hennar. Hér stendur Björgvin Bæringsson í norðvestur horni réttarinnar. (Mót suðvestur. Ljósm. ÓLA)*

# *Fornleifaskrá*

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-14** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334499 N568729 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Seltangi |
| *Minjaheild* | sel |
| *Tegund* | hleðsla |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | rétt |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1550-1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Talsvert |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | ríkt mólendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | vegna landbrots |
| *Hættumat* | Hætta |
| *Hættuorsök* | landbrot |
| *Veggjahæð* | 1,0 m |
| *Veggþykkt* | 0,8 m |
| *Breidd* | 3,5 m |
| *Lengd* | 8,5 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð inn af Brandsstaðanesi er fyrst smánes, en síðan Sel. Það er afbæjar nefnt Kirkjubólssel. Þar eru allmiklar rústir eftir beitarhús." Réttin er í klettasprungu fremst á Seltanga. (Ö-Kirkjuból)

Norðurhlið réttarinnar eru náttúrulegur klettur, en að vestan hefur verið hlaðinn um 3.0 m langur veggur milli kletta og að sunnan hefur verið hlaðið ofan á kletta og í klettasprungur. Inngangur er til suðurs og er náttúruleg klettasprunga. Réttin er um 3,5 x 8,5 m að stærð.
Vestur hlið réttarinnar er nokkuð hrunin, en hún liggur rétt ofan við fjöruborðið. Ofan á klettinum norðan megin við réttina er varða 1825-15.




*Mynd 30: Minni rétt er hefur verið byggð í klettasprungu fremst á Seltanga. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 31: Björgvin Bæringsson stendur á hrundum vesturvegg réttarinnar. Varða 1825-15 stendur vinstra megin á myndinni. (Mót austnorðaustur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| Fornleifanr. MÍ | **1825-15** |
| **Verknr. MÍ** | **1825** |
| Eldra númer | |
| Sýsla | Austur-Barðastrandarsýsla |
| Sveitarfélag | Reykhólahreppur |
| Hreppur nr. | 4504 (Múlahreppur) |
| Landareign | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| Landnúmer | 139611 |
| Skrásetjari | Óskar Leifur Arnarsson |
| Heimsótt | 17.-18.06.2015 |
| GPS hnit | A334503 N568735 |
| Hnitakerfi | ISN93 |
| M.y.s. | - |
| Skekkja | 0-3 m |
| Sérheiti / örnefni | Seltangi |
| Minjaheild | sel |
| Tegund | varða |
| Tegund annað | |
| Hlutverk | óþekkt |
| Hlutverk annað | |
| Aldur | 1750-1900 |
| Friðlýst? | Nei |
| Friðlýsa? | Nei |
| Varðveislugildi | Lítið |
| Minjaspjöll? | Nei |
| Gróður | lítt gróið |

| | |
|---|---|
| Ástand | Heillegar fornleifar |
| Horfin | Nei |
| Hættumat | Hætta |
| Hættuorsök | rof |
| Veggjahæð | 1,2 m |
| Veggþykkt | 0,5 m |
| Breidd | 0,5 m |
| Lengd | 0,5 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð inn af Brandsstaðanesi er fyrst smánes, en síðan Sel. Það er afbæjar nefnt Kirkjubólssel. Þar eru allmiklar rústir eftir beitarhús." Varðan stendur upp á klöpp, fremst á Seltanga norðantil. (Ö-Kirkjuból)

Varðan er um 1.2 m há og um 0.5 m í þvermál. Hún stendur upp á kletti, norðan við rétt 1825-14. Varðan er nýlega endurhlaðin. (munnleg heimild)



*Mynd 32: Varðan stendur upp á klett fyrir ofan rétt 1825-14. Vinstra megin á myndinni sést í op réttarinnar. (Mót suðvestur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-16** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334659 N568348 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Brandsstaðir |
| *Minjaheild* | býli |
| *Tegund* | hóll |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | bæjarhóll |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1000-1550 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Hátt |
| *Minjaspjöll?* | Ekki vitað |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | ekki vitað |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | byggingaframkvæmdir |
| *Veggjahæð* | - |
| *Veggþykkt* | - |
| *Breidd* | 17,0 m |
| *Lengd* | 50,0 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Norðan við Grænhól, neðan til, eru Brandsstaðir, gamall túnblettur og rústir, norðan við Brandsstaðalæk. Ekki finnst þessa býlis getið annars staðar en í þessu nafni. Þar innar er svo nes, sem heitir Brandsstaðanes." (Ö-Kirkjuból)

Brandsstaðir eru grösugur hólhryggur og ofan á honum eru greinilegar tóftir sem geta verið af ólíkum aldri. Hryggurinn sjálfur gæti geymt eldri minjar og mannvistalög Staðurinn liggur upp að Bæjarnesvegi og ekki ólíklegt að einhverjar minjar hafi lent undir veginum. Fyrir neðan á Bransstaðanesi eru einnig fornleifar og mögulega bæði norðan og sunnan. Þessar minjar gætu flestallar tilheyrt sömu minjaheild og sama notkunartíma. Svæðið umhverfis er að hluta hálfdeigja og þar er þónokkur víðir. Því er erfitt að kanna það svæði til fullnustu nema með því að grafa könnunarskurði. Vatnsstaða svæðisins gæti hafa breyst í gegnum tíðina. Samkvæmt skipulagstillögu er gert ráð fyrir lóð undir frístundahús á svæðinu.
Við könnun loftmynda frá Landmælingum Íslands vöktu 2 staðir sem liggja um 58 m (1825-23) og 125 m (1825-24) norðnorðvestur af Brandsstöðum athygli og eru mögulegar tóftir eða einhverskonar mannvirki. Þessir staðir höfðu ekki fundist við vettvangsathugun og hafa ekki verið kannaðir frekar á vettvangi.
Um 130 m suður af Brandsstöðum er Grænhóll sem sker sig mjög úr umhverfi. Ekki eru neinar upplýsingar eða heimildir um að þar séu fornleifar, en það væri þó vert að kanna ef til framkvæmda kemur í nágrenni hans.




*Mynd 33: Teikningin sýnir hólhrygg 1825-16 og þær minjar sem þar standa 1825-17-21. (Teikn. ÓLA)*



*Mynd 34: Bæjarnesvegur liggur yfir efsta hluta hólhryggsins og ekki vitað hvort þar hafi minjar farið undir veg. (Mót norðvestur. Ljósm. ÓLA)*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **1825-17** |
| ***Verknr. MÍ*** | **1825** |
| *Eldra númer* | |
| *Sýsla* | Austur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Reykhólahreppur |
| *Hreppur nr.* | 4504 (Múlahreppur) |
| *Landareign* | Kirkjuból (á Bæjarnesi) |
| *Landnúmer* | 139611 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 17.-18.06.2015 |
| *GPS hnit* | A334669 N568349 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0-3 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Brandsstaðir |
| *Minjaheild* | býli |
| *Tegund* | tóft |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | óþekkt |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1000-1750 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Hátt |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | Nei |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | byggingaframkvæmdir |
| *Veggjahæð* | 0,5 m |
| *Veggþykkt* | 3,0 m |
| *Breidd* | 7,5 m |
| *Lengd* | 6,5 m |

*Lýsing:* Í örnefnaskrá segir: "Norðan við Grænhól, neðan til, eru Brandsstaðir, gamall túnblettur og rústir, norðan við Brandsstaðalæk. Ekki finnst þessa býlis getið annars staðar en í þessu nafni. Þar innar er svo nes, sem heitir Brandsstaðanes." (Ö-Kirkjuból)

